

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. Sam- **102**
kvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir móttöku 18. júní
þóknans brjefs yðar, herra landshöfðingi, frá 29. marz þ. á., hefir hans há-
tign konunginum hinn 14. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja það, að
jörðin Kjaransvík í Sljettuhreppi, sem er tilheyrandi Holtsprestakalli í Önundarfirði í
Ísafjarðarprófastsdæmi, verði seld ábúandanum fyrir 650 krónur og skal setja
upphæð þessa, að frádregnum 19 kr. 60 a., á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands, sem
óhreyfanlegan höfuðstól, er prestakallið eigi. En umgetna jörð ber eptirleidis að
því er gjaldskyldu snertir að skoda sem aðra bóndajörð.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar
gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um sölu á kirkju örð. Sam- **103**
kvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir móttöku 18. júní.
þóknans brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 29. marz þ. á., hefir hans
hátign konunginum hinn 14. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja það,
að jörðina Kross í Haukadal í Dalasýslu, sem tilheyrir Hvammsprestakalli í Norð-
urárdal í Mýrprófastsdæmi, megi selja fyrir 1300 kr., er síðan skulu settar á
vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands og standa þar sem óskerðanlegur höfuðstóll, er nefnt
prestakall eigi; svo skulu og 2 krónur að minnsta kosti af vöxtunum árlega
lagðar við höfuðstólinn. En áðursagða jörð skal framvegis skoda sem aðra bónda-
jörð að því er snertir gjaldskyldu til almenningsþarfa.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar
gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um **104**
hlunnindi handa sparisjóði á Stykkishólmi. — Eptir að hafa meðtekið þóknlegt 24. júní
brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 14. þ. m., og þar með fylgjandi erindi frá for-
stöðumanni sparisjóðsins á Stykkishólmi, vil jeg hjermeð endurveita sjóði þessum
um 5 ára tímabil frá 1. júlí þ. á að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk.
5. janúar 1874 með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veit-
ir, ekki rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæm-
lega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af
ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi hefir skipað fyrir um eða
kann að skipa fyrir um. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá
breyting, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar.